

Eftirtalin luku embættisprófi í læknisfræði í júní 2000

Aðalsteinn Gunnlaugsson
 Alfreð Harðarson
 Andri Már Þórarinnsson
 Eva Sigvaldadóttir
 Fidel Helgi Sanchez
 Guðjón Leifur Gunnarsson
 Guðni Arnar Guðnason
 Guðrún Björk Reynisdóttir
 Guðrún Scheving Thorsteinsson
 Gunnar Tómasson
 Gunnar Már Zoëga
 Gunnhildur Margrét Guðnadóttir
 Helgi Þór Hjartarson
 Hilma Hólm
 Ingi Þór Ólafsson
 Jón Torfi Halldórsson
 Jón Magnús Kristjánsson
 Judit Amalía Guðmundsdóttir
 Kristín Páldóttir
 Linda Beate Johnsen
 Margrét Leósdóttir
 Mikael Smári Mikaelsson
 Rafn Hilmarsson
 Ragnhildur Bergþórsdóttir
 Sigríður Sveinsdóttir
 Sigurður Yngvi Kristinsson
 Torunn Gabrielsen
 Valur Helgi Kristinsson
 Þorvarður Jón Löve
 Þórarinn Kristmundsson
 Þórður Ægir Bjarnason

Leiðrétting

■ Í JÚNÍHEFTI Læknablaðsins misritaðist nafn Stefáns B. Matthíassonar formanns Fræðslustofnunar lækna og var hann ranglega nendur Stefán E. Matthíasson (Læknablaðið 2000; 86: 440). eru þeir nafnar báðir beðnir velvirðingar á misrituninni.

Netið, auglýsendur og heilsufarsupplýsingar

AUGLÝSENDUR OG RÍKISSTJÓRN Bandaríkjanna komu sér nýverið saman um siðareglur varðandi notkun á upplýsingum sem fólk veitir um einkahagi sína á veraldarvefnum. Um er að ræða upplýsingar sem notendur vefsíðna, meðal annars um heilbrigðismál og lækningar, veita á vefnum. Þeirra á meðal eru vefsíður á borð við WebMD og drkoop.com.

Megininntak siðareglanna er að á vefsíðum þar sem almenningur veitir upplýsingar um einkahagi sína, skuli skýrt koma fram hver stefna viðkomandi vefs er gagnvart auglýsendum. Auk þess skuli vera gefinn kostur á að merkja við þar til gerðan reit ef notandi vill ekki að persónuupplýsingar um hann verði framseldar til auglýsenda.

Skiptar skoðanir eru um ágæti siðareglanna. Áður en þær voru settar höfðu notendur vefsíðna af þessu tagi enga hugmynd um hvernig farið yrði með upplýsingar þær er þeir veittu. Lyfjafyrirtæki gat keypt allar upplýsingar tiltekinnar vefsíðu og sent auglýsingar til þeirra einstaklinga sem notuðu síðurnar. Slíkar upplýsingar gátu jafnvel dreifst til hundraða auglýsenda. Reglunum er ætlað að bæta úr þessu ástandi, en þær hafa verið gagnrýndar

harðlega fyrir að ná allt of skammt. Notandi þarf sérstaklega að taka fram ef hann vill ekki að upplýsingar um hann séu framseldar auglýsendum. Gagnrýndur reglnanna vilja snúa þessu við, þannig að merkt sé við leyfi til að nota slíkar upplýsingar.

Nýskipaður viðskiptaráðherra Bandaríkjanna, Norman Y. Mineta, telur að þegar reglurnar komi að fullu í gagnið muni þær duga fullkomlega til að veita nauðsynlega persónuvernd. Gagnrýndur reglnanna telja að þær hafi fyrst og fremst verið settar til að koma í veg fyrir að Bandaríkjaþing samþykkti strangari löggjöf. Reglurnar veiti notendum vefsins falskt öryggi og auðvelt sé að yfirsjást hvernig skuli segja sig frá notkun gagnanna. Einnig hefur það verið gagnrýnt hve óskýrt sé hvað skuli skilgreint sem „viðkvæmar persónuupplýsingar“ en reglunum er fyrst og fremst ætlað að ná yfir þess konar gögn. Umræða um þetta mál hófst á vef American Medical News með grein dagsettri 21. ágúst 2000. Þeir sem vilja taka þátt í henni geta farið á slóðina: www.ama-assn.org/sci-pubs/amnews/pick_00/gvsb0821.htm/

TÆPITUNGULAUST / FRH.

En snúum okkur aftur að tímamótunum. Framundan eru forstjóraskipti hjá Eimskipafélaginu og þegar hefur nýr forstjóri verið ráðinn. Sá er hagfræðingur að mennt, sérmenntaður í rekstrarhagfræði og hefur stjórnað einu stærsta sveitarfélagi landsins um árabil og farist það vel úr hendi. Að flestra dómi réttur maður á réttum stað þó sumir hafi fundið pólitíska lykt af ráðningunni.

Áður en Landspítalinn og Borgarspítalinn voru sameinaðir hafði stjórnun Landspítalans rekið á reiðanum í nokkur ár. Eftir sameininguna var ráðinn forstjóri, sem er mætur hagfræðingur og embættismaður en ekki er vitað að hann hafi komið nálægt heilbrigðisstofnunum eða

lækningum. Um svipað leyti var ráðinn nýr formaður stjórnarnefndar Ríkisspítalanna, nú háskólaspítala við Hringbraut og í Fossvogi, fyrrum sveitarstjóri í þorpi úti á landi sem ekki er vitað til að hafi nokkurn tímann komið nálægt heilbrigðismálum. Þannig hefur það verið um árabil að enginn af æðstu stjórnendum stærstu sjúkrahúsfánana landsins hefur verið læknis- menntaður og við sameininguna hefur það ekki breyst.

Sé það gæðastjórnun að stofnunum sé stjórnað af fólki, sem hefur litla eða enga þekkingu á hlutverki og markmiðum stofnunarinnar, er það niðurstaða höfundar að gæði þurfa ekki endilega að vera góð.